

Gjaldskrá umhverfisgjalda,
Söfnun og meðhöndlun sorps í Vesturbyggð.
2007

1. grein

Í samræmi við samþykkt um söfnun og meðhöndlun sorps í Vesturbyggð, leggur sveitarfélagið gjöld á lögaðila, félag og/eða fasteignir innan sveitarfélagsins til að standa straum af kostnaði við sorphirðu, -endurvinnslu og –eyðingu.

2. grein.

A. Umhverfisgjald A.

Umhverfisgjald kr. 11.000 er innheimt árlega fyrir einstakar íbúðir, íbúðahúsnæði og orlofshús:

Sama gjald er lagt á hvert lögbýli og/eða íbúðarhúsnæði í sveitum, þó svo að þessir aðilar þurfi að sækja þjónustu á næsta gámaplan. Á móti kemur að baggplast verður sótt heima á bæi tvisvar á ári í samræmi við framangreinda samþykkt. Umhverfisgjald er innheimt með fasteignagjöldum. Hafi gjaldandi ekki greitt umhverfisgjald 30 dögum eftir gjalddaga leggjast á skuldina dráttarvextir og reiknast þeir frá gjalddaga.

B. Umhverfisgjald B.

Umhverfisgjald annarra lögaðila, iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fyrirtækja, stofnanna, félaga og félagasamtaka er á ári sem hér segir:

Flokkur 1	kr. 30.000
Flokkur 2	kr. 60.000
Flokkur 3	kr. 90.000
Flokkur 4	kr. 150.000
Flokkur 5	kr. 210.000
Flokkur 6	kr. 350.000
Flokkur 7	skv. mati.

Bæjarstjórn skipar framangreindum aðilum í gjaldflokka skv. mati skipaðrar matsnefndar. Matsnefndin er skipuð af bæjarstjórna, forstöðumanni áhaldahúss og fulltrúa úr bæjarráði. Mat nefndarinnar tekur mið af umfangi starfsemi og sorpsamsetningu viðkomandi aðila. Þau atriði sem hafa áhrif á matið eru nánar skilgreind í gjaldskrárvíðauka. Matsnefnd er heimilt að endurskoða mat sinn telji hún ástæðu til að ætla að aðstæður aðila hafi breyst. Umhverfisgjald innheimtist með fasteignagjöldum hjá þeim aðilum sem eiga fasteignir en þeim sem ekki eiga fasteignir mun verða gert að greiða gjaldið skv. reikningi sem gefinn verður út í byrjun árs. Gjalddagar umhverfisgjalda verða þeir sömu og fasteignagjalda. Hafi gjaldandi ekki greitt umhverfisgjald 30 dögum eftir gjalddaga leggjast á skuldina dráttarvextir og reiknast þeir frá gjalddaga.

3. grein

Að lokinni álagningu umhverfisgjalds B. Gefst gjaldendum 30 daga gjaldfrestur til að gera athugasemdir við skipun í gjaldflokk. Óski gjaldandi endurskoðunar á skipun í gjaldflokk skal hann leggja fram skriflega greinargerð, þar sem fram kemur ítarlegur rökstuðningur við ástæður þess að gjaldandi telur flokkun óréttmæta. Matsnefnd mun taka greinargerðina til skoðunar og leggja sitt álit fyrir bæjarstjórn sem tekur endanlega afstöðu til gjaldflokks viðkomandi.

4. grein

Matsnefnd er heimilt að leita álits sorphirðuverktaka um umfang og eðli þess sorps sem fellur til hjá einstökum gjaldendum umhverfisgjalds B. Slík álitsgerð skal vera skrifleg og óski gjaldandi þess skal matsnefnd útvega honum afrit af álitsgerðinni. Nefndin getur nýtt sér þetta álit til að ákvarða nánar skipun aðila í gjaldflokka. Telji nefndina að gjaldflokksviðmiðanir í víðauka, t.d. starfsmannafjöldi, gefi ekki rétta mynd af eðli og/eða umfangi þess sorps sem til fellur hjá einstökum aðilum er henni heimilt að víkja út frá viðmiðum. Nefndin getur einnig nýtt sér álit sorphirðuverktaka til að ákvarða gjald einstakra aðila sem er skipað í 7. flokk gjaldskrárinnar. Endanlega afstöðu til flokkunar aðila í gjaldflokka tekur bæjarstjórn.

Að lokinni álagningu umhverfisgjalds B gefst gjaldendum 30 daga frestur til að gera athugasemdir við skipun í gjaldflokk. Sérstök eyðublöð eru fyrir kærur vegna umhverfisgjaldsins verður unnt að fá á skrifstofu bæjarsjóðs.

Viðauki við gjaldskrá umhverfisgjalda í Vesturbyggð
Skilgreining gjaldflokka umhverfisgjalda B

1. grein

Eftirfarandi viðmiðanir eru notaðar við mat á flokkun aðila í gjaldflokka vegna umhverfisgjalda B í gjaldskrá Vesturbyggðar fyrir umhverfisgjald:

1. Flokkur
 - a) Skrifstofur og umboðsfyrirtæki með 0-2 starfsmönnum
 - b) Söluturnar án veitingaraðstöðu
 - c) Smærri verslanir (fatnaðar-, gjafavöru- og minjagripaverslanir
 - d) Lítil hótél eða gistiheimili (fyrir 0-10 gesti)
 - e) Bílaleigur

2. Flokkur
 - a) Lítil iðn- og þjónustufyrirtæki (0-2 starfsmenn)
 - b) Meðalstór hótél eða gistiheimili fyrir 11-25 gesti
 - c) Söluturnar með veitingaaðstöðu og litlir veitingastaðir (fyrir 0-10 gesti)
 - d) Litlir skólar (0-15 nemendur)
 - e) Leikskólar
 - f) Skrifstofur og umboðsfyrirtæki með 3-5 starfsmönnum
 - g) Litlar fiskverkanir (0-100 tonn/ári)

3. Flokkur
 - a) Miðlungs veitingastaðir (11-15 gestir)
 - b) Miðlungs verslun
 - c) Áhaldahús
 - d) Miðlungs skólar (16-30 nemendur)
 - e) Skrifstofur og umboðsfyrirtæki með 6-8 starfsmönnum
 - f) Stærri hótél eða gistiheimili (fyrir 26 eða fleiri gesti)
 - g) Bifreiðaverkstæði, rafverktakar hjólbarðaverkstæði og önnur iðnfyrirtæki (3-4 starfsmenn)
 - h) Miðlungs fiskverkanir (101-500 tonn/ári)

4. Flokkur
 - a) Skrifstofur og umboðsfyrirtæki með 9 eða fleiri starfsmönnum
 - b) Stærri skólar (31 nemandi eða fleiri)
 - c) Matvöruverslanir og stærri verslanir
 - d) Stærri veitingahús (16 gestir eða fleiri)
 - e) Stærri fiskverkanir (501-1000 tonn á ári)
 - f) Bankar og sparisjóðir
 - g) Bifreiða-, rafverktaka- og vélaverkstæði og önnur iðnfyrirtæki (5-7 starfsmenn)
 - h) Bensínstöðvar

5. Flokkur
 - a) Minnir fiskvinnslustöðvar (100-2000 tonn/ári)
 - b) Stærri iðn- og þjónustufyrirtæki (8 starfsmenn og fleiri)

6. Flokkur
 - a) Stórar fiskvinnslustöðvar (2000 tonn/ári og yfir)
 - b) Heilbrigðisstofnun

7. Flokkur
 - a) Fyrirtæki sem rúmast illa innan flokka 1. – 6. Gjald lagt á skv. mati nefndar að lokinni athugun á umfangi og eðli þess sorps sem til fellur frá gjaldanda.